

Endurbygging á sjóvarnargarði í Skildinganesi. Greinargerð.



Oddgeir Hansson



FS438-08211

Reykjavík

2009

Forsíðumyndin: Sjóvarnargarðurinn við Skildinganes. Horft til suðurs.

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími 551 1033


Fax 551 1047 Netfang:
fsi@instarch.is

Inngangur.

Um haustið og veturinn 2008-2009 fór fram viðgerð á gömlum sjóvarnargarði sem jafnframt er hluti af túngarði Skildinganess í Reykjavík. Samkvæmt verklýsingu í útboðsgögnum vegna verksins átti að gera við steinhleðslu og steypuskemmdir í veggnum.¹ Þar sem túngarðurinn/sjóvarnargarðurinn telst til friðaðra minja samkvæmt Þjóðminjalögum var sett það skilyrði að verkið skildi fara fram undir eftirliti fornleifafræðings og skildi tilkynna um allar fornleifar sem finnast kynnu við framkvæmdina. Var Fornleifastofnun Íslands fengin til þess að annast eftirlitið og sá Oddgeir Hansson um framkvæmd þess.

Lýsing og framkvæmd

Garðurinn sem um ræðir er um 90 m langur og liggur nokkurn vegin norður-suður. Er að grunni til um að ræða grjóthleðslur sem eru hlaðnar utan í og ofan á sjávarkantinn. Eru grjóthleðslurnar mest um 2,5 m háar (sjávarmegin) en um 1 m (landmegin) og um 1 m á breidd að ofanverðu.



Mynd 1: Suðursnið í gegnum garðinn sem sýnir gerð hans. Fengin úr útboðsgögnum

¹ Reykjavíkurborg. Framkvæmda og eignasvið 2008. *Skildinganes. Viðgerð á sjóvarnargarði. Útboðs og verklýsing*, bls. 1



Mynd 2: Horft til suðurs eftir garðinum við upphaf viðgerðar

Steypt hafði verið skel utaná garðinn auk þess sem steypdur kantur, hafði verið settur ofan á hann sjávarmegin, um 0,3 m á breidd og um 0,35 m á hæð. Virðist kanturinn



Mynd 2: Horft í norðaustur í átt að suðurenda garðsins

vera yngri en steypuskelin. Járnabinding var í kantinum og í steypuskelinni ofaná garðinum en engin binding var í steypuskelinni utaná garðinum.

Auk þessa hafði stórgrýti verið borið að garðinum sjávarmegin til að verja hann. Voru grjóthleðslur farnar að láta talsvert á sjá auk þess sem talsvert var farið að molna upp



Mynd 3: Unnið að niðurbroti á steypukannti

úr steypunni þannig að hér og þar sá í járnabindingu. Hlaða þurfti upp grjóthleðslur að miklu leyti en kanturinn ofan á garðinum var brotinn niður að mestu og steypdur



Mynd 4: Járnabinding langt á veg komin. Horft í norðaustur



Mynd 5: Garðurinn að verki loknu. Horft í suðvestur.

upp að nýju. Steypuskelin utaná og ofaná garðinum var ekki brotin burt heldur var járnabundið og steipt ofaná hana. Var að því loknu borið stórgrýti upp að garðinum



Mynd 6. Garðurin séður úr suðvestri við verklok

sjávarmegin.

Fornleifaeftirlit

Farið var reglulega á staðinn, á meðan á verkinu stóð, í þeim tilgangi að skrásetja framgang þess og kanna hvort mögulegt væri að tímasetja garðinn á einhvern hátt og hafa eftirlit með eldri minjum sem kynnu að koma í ljós við framkvæmdina. Garðurinn er upprunalega hluti af túngarði (fornleifanúmer 220-14) Skildinganess og má sjá leifar hans víða í næsta nágrenni í misjöfnu ástandi þó.



Mynd 7: Rauða línan er dregin á skilum á milli eldra og yngra byggingarstigs garðsins.

Víða sáust merki um endurhleðslu á garðinum og virtist vera um tvær kynslóðir hleðslna að ræða. Á mynd 7 hér að framan hefur verið dregin lína á milli eldra og yngra byggingarstigs garðsins. Sést greinilega hvernig eldra stigið hefur verið gert úr mun stærra grjóti en það yngra. Var lögð áhersla á það við endurhleðslu á garðinum að halda þessu útliti garðsins eins og kostur var. Við endurhleðsluna þurfti á köflum að taka hleðslurnar alveg í sundur. Kom þá í ljós greinilegt hrun úr garðinum sem fallið hafði í sjó fram. Virðist sem eldri hluti garðsins hafi hrunið fram af sjávarbakkanum, en í stað þess að grjótið úr hruninu hafi verið endurnýtt, hefur verið náð í grjót annarsstaðar frá og hlaðið ofaná þær leifar garðsins sem enn voru á sínum stað og loks steipt utaná og ofaná þær. Hrunið úr eldri garðinum hefur þannig verið nýtt sem “púkk” undir steypuna.

Nokkrir gripir fundust við framkvæmdina og ber þar hæst peningasjóð sem



Mynd 8: Hleðslumen í “auramó”

fannst, á milli steina, norðarlega, sjávarmegin við garðinn. Var um að ræða 809 5 aura myntir og 2975 10 aura myntir sem, í báðum tilvikum, voru frá árinu 1981.



Mynd 9: Tíeyringarnir ásamt miðum sem fundust með þeim

Einnig fundust leifar taupoka sem peningarnir hafa greinilega verið í og miðar sem



Mynd 10: Fimmeyringarnir

sögðu til um innihald þeirra. Er ljóst að um hefur verið að ræða myntpoka úr banka sem faldir hafa verið á þessum stað. Var lögreglan látin vita um málið og kom fulltrúin hennar, Ómar Smári Ármannsson, á staðinn og tók skýrslu um málið en eftir því sem næst verður komist hefur ekki fengist niðurstaða í það hvaðan peningasjóðurinn er upprunninn. Aðrir gripir sem fundust voru 1 brimsorfið leirkersbrot og 1 glerbrot frá 20. öld.

Fornleifaeftirlit. Samantekt og niðurstöður.

Eftirlit var haft með endurhleðslu garðsins í Skildinganesi í þeim tilgangi að skrásetja framgang verksins og til að kanna hvort hægt væri að tímasetja garðinn á einhvern hátt. Einnig var markmiðið að hafa eftirlit með eldri minjum sem kynnu að koma í ljós við framkvæmdina.

Aldursgreining

Ekki reyndist unnt að tímasetja garðinn nákvæmlega en þó var greinilegt að um tvær kynslóðir hleðslna var að ræða (sjá mynd 7 hér að framan) og var reynt að halda því útliti garðsins við endurhleðslu hans..

Eldri minjar.

Engin ummerki fundust um eldri fornleifar við garðinn.

Gripir

Fáeinir gripir fundust við framkvæmdina, þ.e peningasjóður sem innihélt 2975 10 aura myntir og 809 5 aura myntir, sem með ígreypu ártalinu 1981. Auk þeirra fannst 1 brimsorfið leirkersbrot og 1 glerbrot.